

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 20. mars 2009 í máli nr. S-1223/2008:

Ákærvaldið

(Karl Ingi Vilbergsson fulltrúi)

gegn

Benjamín Þór Þorgrímssyni

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 6. mars sl., var upphaflega höfðað fyrir dómnum á hendur ákærða Benjamín Þór Þorgrímssyni, kt. [...], Naustabryggju 2, Reykjavík fyrir líkamsárás með ákæru útgefinni af lögreglustjóranum á höfuð borgarsvæðinu 16. september 2008.

Hinn 20. nóvember 2008 var sakamálið nr. 1654/2008 sameinað málinu en þar er ákærða gefið að sök með ákæru útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgar svæðinu sama dag líkamsárás, með því að hafa fimmtudaginn 21. febrúar 2008, á horni Frakkastígs og Lindargötu í Reykjavík, ráðist á Einar Björn Ingvason, kt. [...], snúið hann í jörðina og þá sparkað í höfuð hans, með þeim afleiðingum að hann hlaut brot í vinstri augntóft auk þess sem hann hlaut mar á efra og neðra augnloki vinstra megin.

Þetta er talið varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981 og 111. gr. laga nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Með úrskurði héraðsdóms 2. desember 2008 var tveim ákæruskjölum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu báðum dagsettum 16. september 2008 á hendur ákærða vísað frá dómnum.

Hinn 14. janúar sl. var sakamálið nr. 1891/2008 sameinað þessu máli en þar eru ákærða gefnar að sök með ákæru útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgar svæðinu 5. desember 2008 neðangreindar líkamsárásir:

a) með því að hafa að kvöldi fimmtudagsins 3. júlí 2008, á Hilton bar á Hiltonhótelinu á Suðurlandsbraut í Reykjavík, ráðist á Halldór Viðar Sanne, kt. [...],

og kýlt hann hnefahöggi í andlit og svo kýlt hann aftur í hægri vanga, þar sem Halldór Viðar stóð við barinn á hótelinu, með þeim afleiðingum að Halldór Viðar hlaut bólgu á gagnaugasvæði hægra megin sem teygði sig upp í hársvörð, bólgu framan við hægra eyra og niður eftir neðri kjálka, eymsli í kjálka og í hálsvöðvum hægra megin og heilahristing.

b) með því að hafa að kvöldi fimmtudagsins 31. júlí 2008, á bifreiðastæði við Hafnarvogina við Hafnarfjarðarhöfn, ráðist á Ragnar Ólaf Magnússon, kt. [...], og sparkað í hann, þá tekið hann hálstaki og þrýst honum niður til jarðar, þar sem hann sparkaði nokkrum sinnum í höfuð Ragnars Ólafs þar sem hann lá í jörðinni, kýlt hann hnefahöggi í andlit auk þess sem hann kýldi hann hnefahöggum í líkama, allt með þeim afleiðingum að Ragnar Ólafur hlaut kúlu vinstra megin á enni, heilahristing, eymsli í hársverði vinstra megin á höfði, tognun í brjóstkaða og tognun í hálsvöðvum.

Ofangreind háttsemi ákærða er talin varða við 1. mgr. 217. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 110. gr. laga nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Ákærði neitar sök. Af hálfu verjanda er þess krafist að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds og að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Ákæra 20. nóvember 2008.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá fimmtudeginum 21. febrúar 2008 kl. 16.35 barst lögreglu á þeim tíma tilkynning um hugsanlegt rán á Fótaaðgerðastofu Eddu við Hverfisgötu í Reykjavík. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu voru lögreglumenn sendir á staðinn. Fram kemur að vitni hafi haft samband við lögreglu og greint frá því að það væri á eftir ræningjanum. Eftir að lögreglumenn hafi komið að fótaaðgerðastofunni hafi borist önnur tilkynning frá vitninu um að ræninginn væri nú kominn að veitingastaðnum Mónakó á Laugavegi. Í skýrslunni kemur fram að Einar Björn Ingvason, hinn grunaði ræningi í málinu, hafi verið handtekinn fyrir utan Mónakó. Er lögreglumenn hafi verið að ræða við starfsmann fótaaðgerðastofunnar hafi vitni það sem fylgt hafi Einari Birni eftir komið inn á fótaaðgerðastofuna. Hafi vitnið ekki viljað láta nafn síns getið. Hafi því verið gerð grein fyrir vitnaskyldu sinni og vitnaábyrgð. Hafi það tjáð lögreglumönnum að ræninginn hafi hlaupið frá fótaaðgerðastofunni norður Frakkastíg að Lindargötu þar sem maður hafi gengið í skrokk á honum. Hafi sá maður verið klæddur í svartri úlpu með loðkraga, verið í ljósum buxum og með stutt skollitað hár. Maðurinn hafi sparkað í höfuð ræningjans þar sem ræninginn hafi legið í jörðinni. Að því búnu hafi maðurinn gengið suður Frakkastíg. Tekið er fram í frumskýrslu að nánari lýsing þessa vitnis sé meðfylgjandi frumskýrslu lögreglu þar sem það óski nafnleyndar.

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að þegar lögreglumenn hafi verið að ræða við starfsmann fóttaðgerðarstofunnar hafi Benjamín Þór Þorgrímsson, ákærði í máli þessu, gengið inn á fóttaðgerðastofuna. Hafi ákærði spurt lögreglu hvort þeir hafi „náð manningnum.“ Ákærði hafi verið klæddur í ljósar buxur og svarta úlpu með loðkraga. Í ljósi framburðar þess vitnis er óskað hafi nafnleyndar hafi vaknað grunur um að ákærði tengdist ráninu og að það hafi verið hann sem gengið hafi í skrokk á Einari Birni. Hafi ákærði skýrt lögreglumönnum frá því að hann hafi lent í átökum við mann á horni Frakkastígs og Lindargötu. Hafi maðurinn ráðist á ákærða að tilefnislausu. Hafi ákærði snúið manninn í jörðina og hann yfirgefið manninn þar sem hann hafi legið í jörðinni. Fram kemur að ákærði hafi verið handtekinn og færður á lögreglustöð. Á lögreglustöð hafi verið rætt frekar við ákærða og hann þá spurt að því hvort ekki væri í lagi með Einar Björn en ákærði hefði miklar áhyggjur af líðan hans.

Á dskj. nr. 12 er skýrsla lögreglu frá þessum degi sem ritað hafa lögreglumenn er handtöku Einar Björn þennan dag. Fram kemur að lögreglumenn hafi farið að veitingastaðnum Monte Carlo við Laugaveg og hafi Einar verið handtekinn kl. 16.48, en lýsing vitnis á þeim manni sem reynt hafi að ræna fóttaðgerðastofu hafi komið heim og saman við Einar. Hafi Einar virst í mjög annarlegu ástandi og verið mjög ör. Hafi hann orðið æstari en róast niður þess á milli. Hafi Einar verið bólginn á vinstra auga og með hrúfl á hægri fingri. Einar hafi verið fluttur á lögreglustöð þar sem tekin hafi verið ákvörðun um að Einar skyldi vistaður í þágu rannsóknar málsins. Hluti af lögregluskýrslunni eru myndir sem lögregla hefur tekið af Einari við komu á lögreglustöð.

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá sama degi kl. 18.20 var lögregla kölluð að fangageymslum á lögreglustöð þar sem Einar Björn hafi reynt að valda sjálfum sér skaða í fangaklefa. Fram kemur að Einar hafi verið fluttur með sjúkrafreið á Landspítala háskólasjúkrahús. Þar hafi Einar verið færður í röntgenmyndatöku en m.a. hafi verið teknar myndir af andliti vegna bólgu við vinstra auga. Eftir að teknar hafi verið myndir af Einari hafi hann farið á snyrtingu á spítalanum. Þar hafi hann brotið spegil með höndunum. Hafi hann veitt sér yfirborðsáverka á hálsi. Einar hafi því næst verið fluttur á lögreglustöð en í lögreglubifreið á leið á stöðina hafi Einar ráðist að lögreglumanni og veitt honum áverka. Einar hafi í kjölfarið verið færður í fangageymslur.

Þórir Njálsson sérfræðingur á slysa- og bráðadeild Landspítala háskóla sjúkrahúss hefur ritað læknisvottorð vegna komu Einars Björns Ingvasonar á deildina 21. febrúar 2008. Fram kemur að við skoðun hafi Einar verið með áverka í andliti sem geti samsvarað því að hann hafi verið sleginn þungu höggi. Hafi hann verið með vaxandi mar yfir efra og neðra augnlöki. Hafi hann verið settur í myndatöku sem sýnt hafi brot í vinstri augntóft.

Á meðal rannsóknargagna málsins er óundirritað skjal sem ekki er fært á eyðublöð lögreglu. Ber það þá yfirskrift að vera framburður Sigurðar Árna Jósefs sonar. Er tekið fram að Sigurði sé kynnt vitnaskýlda og vitnaábyrgð. Hafi Sigurður lýst því að hann hafi verið að aka fram hjá fóttaðgerðastofunni þegar hann hafi séð að ekki hafi allt verið með felldu. Hafi hann haft samband við símanúmerið 118 og fengið samband við fóttaðgerðastofuna. Í samtali við starfsmann staðarins hafi hann fengið staðfest að gerð hafi verið tilraun til þess að ræna staðinn. Hafi

Sigurður í beinu framhaldi haft samband við lögreglu og tilkynnt um hvað átt hafi sér stað. Hafi Sigurður haldið á eftir ræningjanum á bifreið sinni. Hafi hann séð ræningjann mæta manni sem gengið hafi í skrokk á ræningjanum. Viðkomandi hafi verið hávaxinn, þrekinn og sennilega ekki að beita ofbeldi í fyrsta sinn miðað við aðfarir hans. Maðurinn hafi verið klæddur í svarta úlpu með loðkraga og í ljósum buxum. Þá hafi maðurinn verið með stutt skollitað hár. Maðurinn hafi sparkað í höfuð ræningjans þar sem ræninginn hafi legið í jörðinni. Að svo búnu hafi maðurinn gengið suður Frakkastíg. Ræninginn hafi legið hreyfingalaus um stund í jörðinni og svo staðið á fætur og hlaupið austur Lindargötu. Maðurinn hafi hlaupið að veitingastaðnum Mónakó við Laugaveg.

Tekin var lögregluskýrsla af Einari Birni Ingvasyni næsta dag eftir vist í fangageymslu. Lýsti Einar Björn ferðum sínum daginn á undan og samskiptum sínum við starfsmann Fótaaðgerðastofunnar Eddu á Hverfisgötu. Eftir að hafa farið út af staðnum kvaðst Einar Björn hafa gengið niður á Lindargötu. Þar myndi Einar eftir því að einhver maður hafi kallað í Einar og Einar því gengið til hans. Maðurinn hafi ráðist á Einar og sparkað í andlit hans. Myndi Einar í raun lítið eftir því sem gerst hafi og hljóti hann að hafa steinlegið í götunni. Hafi maðurinn örugglega gengið meira í skrokk á Einari þar sem Einar væri með verki um allan líkamann. Myndi Einar síðan ekki meira eftir sér fyrir en hann hafi verið handtekinn af lögreglu.

Ákærði var færður til skýrslutöku eftir vist í fangageymslum. Ákærði kvaðst ekki þekkja Einar Björn Ingvason. Hafi ákærði verið á leið á fótaaðgerðastofuna. Hafi hann setið inni í bifreið við Lindargötu þegar maður hafi nánast hlaupið á bifreið ákærða. Hafi ákærði farið út úr bifreiðinni til að athuga hvað maðurinn væri að gera og hafi maðurinn beðið í húsasundi skammt frá. Hafi ákærði litið inn í sundið en þá hafi maðurinn ætlað að rjúka í ákærða. Hafi ákærði ekki gefið honum færi á því og bakkað aðeins út á götuna. Þá hafi maðurinn ráðist á ákærða. Ákærði hafi tekið á honum og „buffað“ hann. Hafi ákærði ekki átt í neinum erfiðleikum með Einar þar sem Einar hafi verið léttur. Hafi ákærði hent honum upp í loftið, kýlt hann í höfuðið og sparkað í lærið á honum. Hafi ákærði séð fólk vera að tala í síma og litið svo á að það væri örugglega að hringja í lögregluna. Ákærði hafi því ákveðið að drífa sig í burtu. Hafi ákærði ekið um og látið málið „kólna“ aðeins. Síðar hafi ákærði farið á fótaaðgerðastofuna til að athuga hvort hægt væri að panta tíma. Þá hafi ákærði verið handtekinn af lögreglu. Aðspurður kvaðst ákærði ekki muna eftir að hafa sparkað í höfuð mannsins. Ákærði viðurkenndi hins vegar að hafa tekið í manninn.

Við aðalmeðferð málsins greindi ákærði frá því að umræddan dag hafi maður komið hlaupandi og lent á bifreið sem ákærði hafi verið í. Hafi ákærði ákveðið að athuga hvað væri í gangi og farið á eftir manninum. Maðurinn hafi þá ráðist á ákærða og komið rétt við höfuð ákærða. Ákærði hafi þá snúið manninn niður. Hafi ákærði ekki veitt manninum þá áverka er í ákæru greinir. Að því er framburð ákærða í lögregluskýrslu varðar hafi ákærði átt við að hann hafi snúið manninn niður þegar hann hafi sagt að hann hafi „buffað“ manninn. Ákærði kvaðst hafa verið vistaður í fangaklefa eftir þessa atburði. Það sama hafi gilt um árásarmanninn. Sá hafi verið í annarlegu ástandi og alveg tryllingslegur. Hafi maðurinn greinilega verið að hlaupa á vegg í fangaklefanum en dynkir hafi heyrst úr klefanum.

Fyrir dómi kvaðst Einar Björn Ingvason ekki muna neitt eftir atvikum málsins. Hafi hann greint sinn verið undir áhrifum lyfja. Geti hann því ekkert sagt til um hvort ákærði hafi veitt honum spark í höfuðið. Er borinn var undir Einar framburður hans í lögregluskýrslu kvaðst hann óljóst muna eftir að gengið hafi verið í skrokk á honum. Ekki vissi Einar hver þar hafi verið á ferð. Ekki myndi Einar eftir því að hann hafi hlaupið á vegg í fangaklefa. Gæti hann einfaldlega ekki gefið skýringu á áverkum þeim er hann hafi hlotið. Þá myndi hann ekki eftir þeirri atburðarás sem tekið hafi við eftir að hann hafi verið færður í fangaklefa.

Sigurður Árni Jósefsson kvaðst umræddan dag hafa ekið eftir Hverfisgötu í Reykjavík og elt hugsanlegan ræningja sem gert hafi tilraun til að ræna fótaaðgerðarstofu. Hafi Sigurður elt manninn að Mónakó við Laugaveg og hafi hann séð lögreglu handtaka manninn þar. Maðurinn hafi lent í einhverjum ryskingum á leiðinni og horfið sjónum Sigurðar um stund. Hafi Sigurður því ekki séð hvort einhver hafi sparkað í höfuð mannsins á leiðinni. Kvaðst Sigurður ekki kannast við að hafa tjáð lögreglumönnum neitt í þá áttina.

Ásmundur Jónsson lögreglumaður kvaðst hafa handtekið Einar Björn Ingvason við Mónakó fimmtudaginn 21. febrúar 2008. Við handtöku hafi Einar Björn verið með sjáanlega bólgu í andliti á vinstra auga og með hrufl á hendi. Við komu á lögreglustöð hafi verið teknar myndir af Einari áður en hann hafi verið færður í fangamóttöku. Einar hafi verið í annarlegu ástandi við handtöku. Fyrir dómi staðfesti Ásmundur að myndir á dskj. nr. 12 væru myndir sem teknar hafi verið af Einari Birni við komu á lögreglustöð.

Andri Fannar Helgason lögreglumaður kvaðst hafa ritað frumskýrslu lögreglu vegna málsins. Eftir tilkynningu til lögreglu hafi verið haldið að fótaaðgerðastofunni við Hverfisgötu. Tilkynningin hafi verið frekar óljós. Í ljósi tilkynningarinnar hafi áhöfn í annari lögreglubifreið verið send að Mónakó við Laugaveg en tilkynnandi hafi sagt að ræninginn væri þar staddur. Andri Fannar hafi rætt við starfsmann fótaaðgerðastofunnar sem verið hafi í uppnámi vegna atburðanna. Þá hafi vitni það sem tilkynnt hafi lögreglu um atburðinn og fylgt ræningjanum eftir komið á fótaaðgerðastofuna. Þar hafi vitnið gefið lögreglumönnum sjálfstæða frásögn af atburðarásinni. Hafi þar komið fram hvernig vitnið hafi fylgt gerandanum frá fótaaðgerðastofunni þar til gerandinn hafi lent í átökum við mann. Vitnið hafi gefið greinargóða lýsingu á þeim manni. Er vitnið hafi lýst árás mannsins á gerandann hafi komið fram að maðurinn hafi gengið í skrokk á gerandanum og sparkað í höfuð hans. Umrætt vitni væri Sigurður Árni Jósefsson. Hafi Sigurður óskað eftir nafnleynd og Andri Fannar því ritað framburð Sigurðar niður á sérstakt blað og látið það fylgja frumskýrslu lögreglu. Eftir á að hyggja hefði sennilega verið rétt að rita framburð Sigurðar niður á blað merkt lögreglu. Framburð Sigurðar hafi Andri Fannar ritað niður samdægurs. Hafi verið greinilegt að Sigurður hafi verið skelkaður og óttast framhald málsins. Andri kvaðst hafa séð Einar Björn í fangageymslum lögreglu eftir handtöku. Hafi hann þá verið töluvert bólginn eftir barsmíðar.

Garðar Haraldsson lögreglumaður kvaðst hafa unnið að málinu ásamt lögreglumanninum Andra Fannari Helgasyni. Hafi lögreglumennirnir rætt við starfsmann fótaaðgerðastofunnar. Á staðnum hafi lögreglumenn fengið lýsingu frá vitni sem komið hafi á staðinn sem ekki hafi viljað gefa upp nafn sitt. Þar hafi

komið fram hvernig gerandi í málinu hafi farið út af stofunni. Umrætt vitni væri Sigurður Árni Jósefsson. Hafi Andri Fannar ritað á sérstakt blað það sem vitnið hafi tjáð lögreglumönnunum um atburði. Lýsing á blaði í rannsóknargögnum málsins sem fram kemur að höfð sé eftir Sigurði Árna sé í samræmi við það sem vitnið hafi tjáð lögreglumönnunum um atburði. Eftir þetta hafi ákærði komið inn á stofuna og útlit hans komið heim og saman við lýsingu vitnisins á manningnum sem ráðist hafi á gerandann í málinu. Sigurði hafi ekki virst standa á sama um málið og óttast um sig. Af þeim ástæðum hafi hann óskað nafnleyndar.

Þórður Geir Þorsteinsson lögreglumaður kvaðst hafa tekið lögregluskýrslu af Einari Birni Ingvasyni eftir vist í fangageymslu. Í frásögn af atburðum hafi Einar lýst því að ráðist hafi verið á sig eftir að hann hafi farið út af fótaaðgerðastofunni. Hafi maðurinn sparkað í höfuð Einars. Þessa frásögn hafi Þórður fært í lögregluskýrslu eftir Einari.

Lögreglumennirnir Guðmundur Páll Jónsson og Guðmundur Haukur Gunnarsson komu fyrir dóminn og staðfestu að hafa verið viðstaddir er Einar Björn Ingvason gaf skýrslu hjá lögreglu vegna málsins. Staðfestu þeir að það er ritað væri í skýrslu vegna málsins hafi verið það er fram hafi komið við yfirheyrslu í málinu.

Þórir Njálsson læknir staðfesti fyrir dómi að hafa ritað læknisvottorð vegna Einars Björn Ingvasonar sem frammi liggur í málinu. Vottorðið sé ritað upp úr sjúkraskrá spítalans en Þórir hafi ekki sjálfur skoðað Einar Björn. Staðfesti Þórir að fram kæmi í sjúkraskrá Einars að hann hafi verið með brot í vinstri augntóft. Þórir kvaðst vera þeirrar skoðunar að áverkar þeir sem Einar Björn hafi orðið fyrir með broti á augntóft gætu tengst myndum á dskj. nr. 12 þannig að Einar hafi verið kominn með áverkann er myndirnar hafi verið teknar. Misjafnt væri hversu mikil bólga hlytist af slíku broti en af myndum að dæma væru líkur á því að brot hafi verið til staðar við myndatökuna. Sá áverki er Einar hafi hlotið hafi líklega verið eftir högg eða spark. Sjálfsgagt væri unnt að fá slíkan áverka við fall en varla væri hægt að fá slíkan áverka við það að hlaupa á eitthvað þar sem það mikið afl þyrfti til að brot sem þetta ætti sér stað.

Niðurstaða:

Upphaf máls þessa má rekja til þess að fimmtudaginn 21. febrúar 2008 gaf vitni sig fram við lögreglu og greindi frá því að maður hefði gert tilraun til að ræna Fótaaðgerðastofu Eddu við Hverfisgötu í Reykjavík. Eftir að hafa yfirgefið staðinn hafi verið ráðist á manninn, sem fyrir liggur að var Einar Björn Ingvason. Vitni þetta gaf lögreglu greinargóða lýsingu á árárarmanninum í beinu framhaldi af atvikinu og greindi frá því að árárarmaðurinn hefði m.a. sparkað í höfuðið á Einari Birni. Vitni þetta er Sigurður Árni Jósefsson. Tveir lögreglumenn, sem í framhaldi af verknaðinum ræddu við Sigurð Árna, hafa staðfest að frásögn Sigurðar hafi verið á þennan veg. Hafa lögreglumennirnir jafnframt greint frá því að Sigurður hafi verið skelkaður vegna atburðarins og ekki viljað að nafn hans kæmi fram í lögregluskýrslum. Sigurður hefur fyrir dómnum lýst atvikum á annan veg og kveðst nú ekki hafa séð þegar Einari Birni hafi verið veittir áverkar. Í málinu liggur fyrir að við komu á slysadeild Landspítala háskólasjúkrahúss fimmtudaginn 21. febrúar 2008 greindist Einar Björn með brot í vinstri augntóft.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa rekist á mann sem komið hafi út af fóta aðgerðastofunni þennan dag. Var m.a. fært í lögregluskýrslu eftir ákærða að ákærði hefði hent manningnum upp í loftið, kýlt hann í höfuðið og sparkað í lærið á honum. Þá hefði hann „buffað“ manninn, en ákærði hefur fyrir dómi skýrt á þann veg að í því felist að snúa manninn niður. Dómurinn telur verulegar líkur fyrir því að Einar Björn hafi verið kominn með brot á vinstri augntóft er lögreglumenn handtöku hann þennan dag. Sækir það stoð í myndir sem teknar voru af honum í beinu framhaldi af handtöku, en á þeim má sjá greinilega áverka á vinstri auga Einars. Þá sækir það jafnframt stoð í lýsingu lögreglumanns, sem handtók Einar Björn þennan dag, en lögreglumaðurinn hefur lýst bólgu á vinstra auga. Þá rennir framburður Þóris Njálssonar læknis stoðum undir þetta en fyrir liggur það mat læknisins að af myndum af Einari Birni að dæma, sem teknar voru eftir handtöku, séu líkur fyrir því að Einar Björn hafi verið kominn með áverkann við komu á lögreglustöð.

Að mati dómsins var lýsing Sigurðar Árna Jósefssonar á þeim manni, sem réðst á Einar Björn, í viðtali við lögreglumenn talsvert nákvæm, en hún leiddi til handtöku ákærða síðar þennan dag. Auk þess var lýsing hans greinargóð um það að maðurinn hefði sparkað í andlit Einars, en sú staðhæfing hans var fyrsta vísbending þess að svo hafi verið. Telur dómurinn fyrir liggja að Sigurður Árni sé að breyta framburði sínum hér fyrir dómi. Þegar þau atriði málsins eru virt að Einar Björn var með áverka við komu á lögreglustöð þennan dag í framhaldi af handtöku, að af myndum að dæma eru töluverðar líkur fyrir því að hann hafi þá verið kominn með brot í vinstri augntóft, að hann hafði fyrr þann dag lent í átökum við ákærða sem hafði hent Einari upp í loftið, kýlt hann í höfuðið og sparkað í lærið á honum og „buffað“ Einar Björn og skilið við hann liggjandi í götunni og loks því að Einar Björn lýsti því bæði hjá lögreglu og fyrir dómi að einhver hefði sparkað í höfuð sitt þennan dag, er að mati dómsins hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi veist að Einari Birni þennan dag og framið það brot sem um getur í ákæru með því að snúa hann niður og sparka í höfuð hans. eru engin efni til að fallast á með ákærða að honum hafi verið heimill verknadurinn á grundvelli 12. gr. laga nr. 19/1940. Er það niðurstaða dómsins að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemin þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákæra 5. desember 2008.

a. liður.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá fimmtudeginum 3. júlí 2008 barst lögreglu þann dag kl. 20.55 tilkynning um slagsmál á Hilton bar á Hiltonhótelinu á Suðurlandsbraut í Reykjavík. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að er lögregla hafi komið á staðinn hafi ákærði verið fyrir utan hótelið. Er lögreglumenn hafi farið inn á hótelið hafi þeir rætt við Halldór Viðar Sanne sem bent hafi á ákærða sem árársaðilann. Hafi Halldór tjáð lögreglu að hann hafi verið á fundi ásamt ákærða, Þórði Ágústssyni og Hirti Frey Vigfússyni. Ákærði hafi orðið ósáttur við svör Halldórs og farið að lemja Halldór þar sem Halldór hafi setið í sófa í horni við hótélbarinn. Hafi ákærði slegið Halldór nokkrum sinnum með krepptum hnefa. Halldór hafi þá farið að borga fyrir gosdrykk. Þá hafi ákærði komið að og slegið Halldór fast hnefahöggi sem komið hafi í andlit Halldórs.

Lögregla hafi í framhaldi komið á staðinn.

Í frumskýrslu kemur fram að rætt hafi verið við ákærða á staðnum. Hafi hann tjáð lögreglumönnum að Halldór hafi neitað að endurgreiða ákærða 30.000.000 króna sem ákærði hafi látið inn í fyrirtæki sem Halldór hafi verið með. Af þeim ástæðum hafi ákærði ráðist á Halldór. Ákærði hafi tjáð lögreglumönnum að hann hafi ekki lamið Halldór fast heldur einungis gefið honum svonefndan selbita. Hafi ákærði tjáð barþjóni að blanda sér ekki í málið en ekki hafi ákærði ógnað þjóninum. Á staðnum hafi verið rætt við Stefán Ólafsson barþjón. Hafi hann tjáð lögreglu að umræddir einstaklingar hafi setið í nokkra stund í horni á hótelnum. Hafi Stefán heyrt skell og séð ákærða standa yfir Halldóri og séð ákærða slá hann hnefahöggi sem komið hafi í andlit Halldórs. Halldór hafi eftir það komið að barnum til að greiða fyrir gosdrykk. Hafi hann greinilega verið mjög hræddur og látið Stefán fá gleraugu sín og tösku. Í því hafi ákærði komið að og slegið Halldór fast með krepptum hnefa og höggið komið í andlit Halldórs. Hafi ákærði öskrað á Stefán að blanda sér ekki í málið. Aðstoðarmaður barþjóns, Friðrik Ari Viðarsson, hafi tjáð lögreglu að hann hafi séð síðara höggið, en um hafi verið að ræða högg er ákærði hafi veitt Halldóri við barinn. Hafi ákærði slegið Halldór fast með handarbakinu og hafi höggið komið á hægri vanga Halldórs. Á staðnum hafi einnig verið rætt við Jóhannes Ægi Baldursson sem hafi tjáð lögreglu að hann hafi hringt á lögreglu er ákærði hafi byrjað að láta högginn dynja á Halldóri.

Hlynur Þorsteinsson sérfræðingur á Landspítala háskólasjúkrahúsi hefur 25. júlí 2008 ritað læknavottorð vegna komu Halldórs Viðars á slysadeild 3. júlí 2008 kl. 22.27. Í vottorðinu kemur m.a. fram að við skoðun megi sjá bólgu upp á gagnaugasvæði hægra megin sem teygi sig upp í hársvörð. Þá hafi Halldór verið bólginn framan við hægra eyra og þaðan niður eftir neðri kjálka. Finni hann fyrir eymslum við að hreyfa kjálka og lýsi höfuðverk sem leiði af svæðinu og niður á enni. Við skoðun á hálsi séu eymsli í hálsvöðvum hægra megin. Þá sé talið að Halldór hafi fengið snert af heilahristingi.

Ákærði hefur skýrt svo frá atvikum að umræddan dag hafi átt sér stað ákveðið rifrildi á milli ákærða og Halldórs Viðars. Í raun hafi ekkert gerst. Rifrildið hafi verið vegna peningaskuldar en Halldór hafi skuldað ákærða um 30.000.000 króna í gegnum fyrirtæki. Engin átök hafi átt sér stað á staðnum og væru ákærði og Halldór vinir í dag. Þeir hafi hins vegar deilt og deilan verið harkaleg. Ákærði kvaðst hafa setið við hlið Halldórs í sófa á barnum á Hiltonhótel og hafi hann ýtt í Halldór í sófanum. Hafi hann ýtt í skrokk Halldórs. Væri rangt að ákærði hafi slegið tvívegis í andlit Halldórs. Að því er varðar áverka á Halldóri kvaðst ákærði telja að Halldór hafi veitt sér þá áverka sjálfur.

Halldór Viðar Sanne hefur lýst atvikum þannig að hann hafi farið á umrætt hótél til að hitta Þórð Ágústsson og Frey Vigfússon, en þeir félagar hafi verið að ræða um fyrirtæki sem Halldór sé aðaleigandi að en Þórður og Freyr hafi komið að því fyrirtæki sem fjárfestar. Eftir að fundurinn hafi staðið í stutta stund hafi ákærði komið á fundinn. Ákærði hafi einnig komið að fyrirtæki Halldórs sem fjárfestir. Hafi þeir fjórir rætt málið í um klukkustund. Ákærði hafi verið óánægður með svör Halldórs og tekið að berja Halldór þar sem Halldór hafi setið í sófa. Er Halldór lagði fram kæru í málinu er fært í lögregluskýrslu um þetta atriði að ákærði hafi kýlt hann með krepptum hnefa nokkrum sinnum í andlitið þar sem Halldór hafi verið í sófanum. Hafi Halldór staðið upp og farið á barinn til að greiða fyrir

gosdrykk. Þá hafi ákærði komið og kýlt Halldór ítrekað í andlitið og högginn verið á bilinu þrjú til fjögur. Hafi Halldór þá farið aftur fyrir barinn. Félagi Halldórs hafi komið á staðinn, en Halldór hafi beðið hann um að fylgjast með fundinum ef ákærði skyldi mæta. Hafi félagi Halldórs ætlað að hringja á lögreglu en þá hafi komið fram að búið væri að hringja á lögreglu. Lögregla hafi komið að skömmu síðar. Hafi Halldór farið strax eftir þetta á slysadeild til skoðunar. Halldór kvað það rangt hjá ákærða að hann hafi sjálfur veitt sér þá áverka er komið hafi í ljós. Ákærði hafi ógnað Halldóri eftir þetta og hafi það gengið það langt að Halldór hafi orðið að fá nálgunarbann sett á ákærða gagnvart sér. Halldór kvaðst vera hræddur við ákærða í dag.

Jóhannes Ægir Baldursson kvaðst hafa orðið vitni að átökum á Hiltonhótelinu umrætt kvöld. Hafi Halldór Viðar farið á fund á hótelinu og haft ástæðu til að óttast fundinn. Hafi hann farið þess á leit við Jóhannes að hann yrði á staðnum vegna hugsanlegra leiðinda. Treglega hafi Jóhannes samþykkt það og ákveðið að bíða úti í bifreið fyrir utan hótelið. Halldór hafi hringt í Jóhannes og beðið hann um að koma inn. Hafi Jóhannes þá farið inn á hótelið. Halldór Viðar hafi þá staðið við barinn og hafi Jóhannes séð þar sem ákærði hafi slegið til hans. Hafi höggið lent á kinnbeini Halldórs. Í framhaldi hafi Halldór farið á bak við barinn. Jóhannes kvaðst hafa hringt á lögregluna og síðan beðið afsíðis þar til lögregla hafi komið á staðinn. Jóhannes kvaðst ekki kannast við að ákærði hafi slegið Halldór með handarbaki. Hafi Jóhannes verið í um tveggja metra fjarlægð frá ákærða og Halldóri og því séð atvikið vel. Jóhannes kvaðst hafa ekið Halldóri heim til sín eftir þetta. Á þeirri stundu hafi Jóhannes séð að Halldór hafi verið með áverka í andliti.

Stefán Ólafsson kvaðst hafa verið að vinna á barnum á hótelinu þetta kvöld. Hafi gestir verið á barnum og þeir setið nokkrir saman við borð. Þeir hafi hækkað róminn. Hafi einn gestanna viljað greiða fyrir veitingar og Stefán verið að taka við greiðslu er gesturinn hafi kallað upp og því næst hlaupið aftur fyrir barinn. Hafi hann og annar maður kallast á. Í framhaldinu hafi verið hringt á lögreglu en annar mannanna sagt að hann hafi verið slegin í andlitið. Stefán kvaðst ekki hafa séð neinn sleginn. Hafi hann tekið skýrt fram við lögreglu í símtali er hann hafi átt við lögreglumann að hann hafi ekkert séð. Væri rangt fært í lögregluskýrslu um þetta atriði þar sem fram kæmi að Stefán hafi eitthvað séð. Það sem fært væri í lögregluskýrslu væri einfaldlega það sem lögreglumaður hafi sagt að átt hafi að hafa gerst.

Á meðal rannsóknargagna málsins er lögregluskýrsla er Þórður Geir Þorsteinsson lögreglumaður hefur ritað í tengslum við símtal sem hann hefur átt við Stefán Ólafsson 2. september 2008. Er fært í skýrsluna að Stefán hafi tjáð lögreglu manningum að Stefán hafi veitt athygli rifrildi milli manna á staðnum. Hafi hann veitt því athygli að stór maður hafi kýlt í andlit annars manns með handarbaki fyrir framan afgreiðsluborð á barnum. Hafi þá sá sem laminn hafi verið komið inn fyrir barinn. Hafi sá sem laminn hafi verið sagt að áður hafi maðurinn verið búinn að lemja sig inni á barnum. Hringt hafi verið á lögreglu eftir þetta.

Friðrik Ari Viðarsson og Þórður Ágústsson báru fyrir dómi að þeir hafi verið boðaðir á fund á Hiltonhótelinu af Halldóri Viðari en ræða hafi átt viðskipti. Fyrir hafi legið að Halldór Viðar hafi lofað greiðslum vegna fjárfestinga sem þeir hafi lagt í. Þær fjárfestingar er um ræði hafi ekki skilað arði og hafi þeir ekki fengið neina peninga greidda til baka. Þeir þrír hafi hist við barinn á hótelinu. Ákærði hafi

komið síðastur til fundarins. Mál hafi verið rædd og hafi m.a. komið fram að Halldór Viðar hafi ætlað að láta þá félaga fá erlendar ávísanir sem endurgreiðslu. Þá hafi hann viljað fá meiri fjármuni inn í félagið frá þeim. Allir fundarmenn hafi orðið ósáttir við það sem Halldór Viðar hafi haft fram að færa og hafi ákærði og Halldór Viðar deilt harkalega. Hafi Friðrik Ari og Þórður litið svo á að fundurinn hafi farið út um þúfur. Þórður kvaðst ekki hafa séð ákærða leggja hendur á Halldór Viðar þar sem þeir hafi setið í sófa. Þegar þeir félagar hafi byrjað að rífast hafi Þórður staðið á fætur og farið út af fundinum. Er hann hafi yfirgefið svæðið hafi ákærði og Halldór staðið við barinn. Í máli Friðriks Ara kom fram að ákærði hafi lamið Halldór einu sinni í sófanum. Höggið hafi verið veitt með krepptum hnefa, en hann hafi ekki séð nákvæmlega hvar það hafi lent í Halldóri Viðari þó svo það hafi lent framan í honum. Við höggið hafi Halldór misst gleraugu er hann hafi verið með. Er ákærði og Halldór hafi staðið við barinn hafi hann séð ákærða lemja Halldór Viðar með bakhönd eitt högg sem komið hafi í andlitið á Halldóri Viðari. Það högg hafi Friðrik séð mjög vel en hann hafi staðið í um metra frá þeim félögum. Höggið hafi komið í kinn Halldórs og verið „þéttingsfast“.

Hjörtur Vigfússon kvaðst hafa verið á fundi á Hiltonhótelinu ásamt ákærða og nokkrum öðrum. Hafi Halldór Viðar boðað til fundarins, en ræða hafi átt uppgjör í tengslum við fjárfestingu sem aðilarnir hafi varið fjármunum í. Sú fjárfesting hafi ekki skilað arði. Í ljós hafi komið á fundinum að Halldór Viðar hafi ekkert ætlað sér að gera í málinu. Við það hafi fundarmenn orðið ósáttir. Hjörtur kvaðst ekki hafa séð ákærða ráðast á Halldór Viðar en Hjörtur hafi ákveðið að yfirgefa fundinn.

Páll Bergmann lögreglumaður staðfesti þátt sinn í rannsókn málsins. Kvað hann ákærða hafa verið fyrir utan hotelið er Páll hafi komið á staðinn. Í viðræðum við Halldór Viðar hafi komið fram að ákærði hafi ráðist á Halldór. Lögreglumenn hafi rætt við ákærða. Hafi hann tjáð lögreglumönnum að soðið hafi upp úr á fundi og að ákærði hafi gefið Halldóri selbita.

Þórður Geir Þorsteinsson lögreglumaður staðfesti að hafa tekið símaskýrslu af vitninu Stefáni Ólafssyni. Í skýrslu hafi verið færður framburður vitnisins eins og hann hafi verið gefinn umræddan dag.

Hlynur Þorsteinsson læknir staðfesti læknisvottorð dagsett 25. júlí 2008 og gerði grein fyrir tilteknum atriðum í því. Kvað hann þá áverka er Halldór Viðar hafa verið með hafa verið dæmigerða yfirborðsáverka og eymsli vegna hnykks er Halldór hafi fengið á höfuðið. Geti áverkar komið heim og saman við að Halldór hafi fengið högg hægra megin í andlitið en áverkar samrýmist því að hann hafi fengið tognun við það að höfuðið hafi farið til hliðar.

Niðurstaða:

Í máli þessu liggur fyrir áverkavottorð er gefið var út í framhaldi af komu Halldórs Viðars Sanne á slysadeild Landspítala háskólasjúkrahúss að kvöldi fimmtu dagsins 3. júlí 2008. Var það í kjölfar fundar er Halldór Viðar átti með ákærða og tveim öðrum nafngreindum einstaklingum á Hilton bar á Hiltonhótelinu við Suður landsbraut í Reykjavík þar sem rædd voru viðskipti þeirra félaga. Var Halldór Viðar við komu á slysadeild með bólgu á gagnaugasvæði hægra megin sem teygði sig upp

í hársvörð. Þá var hann með bólgu við hægra eyra og niður eftir kjálka, eymsli í kjálka og í hálsvöðvum hægra megin. Loks var hann með heilahristing.

Halldór Viðar hefur staðhæft að ákærði hafi ítrekað lamið sig þetta kvöld. Hafi hann veitt Halldóri nokkur högg þar sem Halldór hafi setið í sófa nálægt barnum. Þá hafi hann veitt Halldóri þrjú til fjögur högg þar sem Halldór stóð við barinn. Ákærði hefur synjað fyrir þetta. Hefur hann fullyrt að hann hafi ýtt í Halldór þar sem þeir hafi setið í sófa og gefið Halldóri selbita þar sem þeir stóðu við barinn. Nokkur vitni hafa gefið skýrslu um atvikið. Friðrik Ari Viðarsson kvaðst hafa séð ákærða veita Halldóri eitt hnefahögg þar sem ákærði og Halldór hafi setið í sófa og hafi höggið lent framan í Halldóri. Við barinn hafi ákærði veitt Halldóri högg með bakhönd sem lent hafi í höfði Halldórs. Þórður Ágústsson kvað þá féлага hafa staðið við barinn er hann hafi yfirgefið svæðið. Hjörtur Vigfússon kvaðst einnig hafa yfirgefið staðinn áður en nokkur átök hafi átt sér stað. Jóhannes Ægir Baldursson kvaðst ekki hafa séð það sem fram fór í sófanum en hann hafi séð ákærða veita Halldóri högg í andlitið við barinn og hafi höggið verið veitt með hnefa en ekki handarbaki. Framburður vitnisins Stefáns Ólafssonar barþjóns birtist ekki með sama hætti í rannsóknargögnum málsins og í yfirheyrslu fyrir dómi. Í lögregluskýrslu, sem staðfest hefur verið af Þórði Geir Þorsteinssyni lögreglumanni, er fært eftir Stefáni að maður hafi verið laminn við barinn með handarbaki sem komið hafi í andlit mannsins. Fyrir dóminum bar vitni þetta að enginn hafi verið sleginn þetta kvöld.

Málatilbúnaður ákæruvalds miðar við að ákærði hafi tvívegis kýlt Halldór Viðar í andlitið þetta kvöld. Hafi það annars vegar verið í sófa í nágrenni við bar staðarins og síðan fyrir framan barinn. Ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þess að Halldór Viðar hafi eftir þetta atvik sjálfur veitt sér þá áverka er í læknisvottorði greinir, en hann fór á slysadeild síðar þetta sama kvöld. Þeir áverkar er Halldór bar eftir þetta eru slíkir að þeir verða ekki veittir með svonefndum selbita eða með handarbaki. Högg hefur verið veitt af slíkum krafti að höfuð Halldórs Viðars hefur svignað það mikið til hliðar að hann hefur tognað á hálsvöðvum og fengið heilahristing. Áverkar samkvæmt áverkavottorði eru frá hársverði niður á gagnauga og framan við hægra eyra og þaðan niður eftir neðri kjálka. Það yfirgripsmiklir áverkar koma ekki eftir eitt hnefahögg.

Halldór Viðar staðhæfir að högginn við barinn hafi verið tvö til þrjú. Friðrik Ari nefnir högg við barinn og Jóhannes Ægir nefnir högg í andlitið. Með hliðsjón af framburði brotþola í málinu og vitnanna Friðriks Ara Viðarssonar og Jóhannesar Ægis Baldurssonar þykir komin fram lögfull sönnun þess að ákærði hafi kýlt Halldór Viðar eitt hnefahögg í hægri vanga þar sem Halldór stóð við barinn. Þá þykir með vísan til framburðar Halldórs Viðars og Friðriks Ara, sem samrýmast áverkum þeim sem Halldór bar eftir atlöguna og ná yfir stóran hluta andlits Halldórs Viðars, einnig komin fram lögfull sönnun þess að ákærði hafi veitt Halldóri hnefahögg þar sem þeir voru í nágrenni við barinn þetta kvöld, áður en árásin við barinn sjálfan átti sér stað. Með hliðsjón af þessu verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemin þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

b. liður.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fékk lögregla tilkynningu fimmtudagskvöldið 31. júlí 2008 kl. 22.56 um líkamsárás á bifreiðastæði við Hafnarvogina í Hafnarfirði. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að lögregla hafi verið komin á vettvang skömmu síðar. Þar hafi lögregla hitt fyrir starfsmenn fréttaskýringarþáttarins Kompás, þá Inga R. Ingason, Jóhannes Kr. Kristjánsson og Kristin Hrafnsson. Hafi þeir tjáð lögreglu að þeir hafi orðið vitni að líkamsárás þar sem Benjamín Þór Þorgrímsson, ákærði í máli þessu, hafi ráðist á Ragnar Ólaf Magnússon. Eftir árásina hafi ákærði sest upp í svarta bifreið af gerðinni Ford Explorer með tiltekið skráningarnúmer og ekið á brott. Fram kemur að sjúkrabifreið hafi verið komin á vettvang og hafi sjúkraflutningamenn verið að hlúa að Ragnari Ólafi. Hafi hann í framhaldi verið fluttur á slysadeild Landspítala háskólasjúkrahúss. Í viðræðum við Inga R. Ingason hafi komið fram að árásin hafi verið hrottafengin þar sem ákærði hafi ítrekað sparkað og kýlt Ragnar. Hafi ástæða árásarinnar verið sú að ákærði héldi því fram að Ragnar skuldaði sér 5 milljónir króna vegna ummæla Ragnars um ákærða í fjölmiðlum. Í viðræðum við Inga hafi komið fram að upptökur væru til af árásinni. Í skýrslunni kemur fram að Jóhannes Kr. Kristjánsson hafi verið að ræða við ákærða í farsíma þegar lögregla hafi komið á vettvang. Hafi lögreglumaður rætt við ákærða í síma og hann samþykkt að hitta lögreglumenn vegna atburðarins. Í viðtali sem lögreglumenn hafi átt við ákærða skömmu síðar hafi komið fram að ákærði hafi tjáð lögreglu að hann hafi ráðist á Ragnar. Hafi hann lýst yfir að hann hafi sparkað í hann og kýlt hann. Hafi komið fram í máli ákærða að Ragnar hafi stöðugt verið að reyna að æsa ákærða upp þegar þeir hafi verið að ræða saman. Af þeim sökum hafi ákærði ráðist á Ragnar. Stuttu síðar hafi starfsmenn Kompás komið á staðinn. Hafi ákærði staðhæft að hann hafi verið mjög reiður á þeirri stundu. Í frumskýrslu er tekið fram að ákærði hafi verið rólegur og samstarfsfús í viðræðum við lögreglumenn. Þá kemur fram í frumskýrslu að lögreglumenn hafi rætt við Ragnar Ólaf á slysadeild. Hafi Ragnar tjáð lögreglumönnum að árás ákærða hafi verið tilefnislaus, en ákærði og Ragnar ættu sér langa forsögu. Þá hafi verið rætt við unnustu Ragnars og hún tjáð lögreglu að fjölskyldan væri stöðugt áreitt af ákærða og félögum hans. Hafi ákærði ítrekað haft í hótunum og væri fjölskyldan búin að leita sér lögfræðilegrar aðstoðar vegna þessara deilna sem staðið hafi í langan tíma.

Ragnar Ólafur Magnússon mætti á lögreglustöð föstudaginn 1. ágúst 2008 og lagði þá fram kæru á hendur ákærða fyrir líkamsárás. Hlynur Þorsteinsson sérfræðingur á Landspítala háskólasjúkrahúsi hefur 15. ágúst 2008 ritað læknisvottorð vegna komu Ragnars Ólafs Magnússonar á slysadeild 31. júlí 2008. Í vottorðinu kemur m.a. fram að við skoðun sé Ragnar með svolitla kúlu vinstra megin á enni og aumur í hársverði vinstra megin á höfði. Þegar hann hafi verið tekin úr hálskraga hafi hann verið farinn að stirðna í hálsi. Við skoðun á brjóstakassa hafi komið fram að hann hafi verið aumur í síðunni. Afráðið hafi verið að senda hann í sneiðmynd af höfði og röntgenmynd af brjóstakassa og hálsliðum. Ekki hafi sést áverkamerki af þeim myndum. Við nánari skoðun á brjóstakassa sé Ragnar svolítið aumur í síðunni. Greining á sjúkling séu yfirborðsáverkar á höfði og heilahristingur. Þá sé tognun í brjóstakassa og tognun í hálsvöðvum. Grunur sé um rifbrot.

Á meðal rannsóknargagna málsins er myndupptaka er starfsmenn frétta skýringarþáttarins Kompás önnuðust gerð á og sýnir atburðarásina við Hafnarvogina að kvöldi fimmtudagsins 31. júlí 2008. Þá er á meðal gagnanna

útprentun af samtali er fram fór á milli ákærða og Ragnars Ólafs greint sinn.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu vegna málsins 1. september 2008. Ákærði bar að umrætt sinn hafi Ragnar Ólafur beðið ákærða um að hitta sig til að fara yfir mál þeirra sem snérust um það að Ragnar hafi viðhaft óeðlileg ummæli um ákærða í fjölmiðlum auk þess sem ákærði kvaðst vera þeirrar skoðunar að Ragnar hafi kveikt í bifreið ákærða þó svo erfiðlega gengi að sanna það. Kvaðst ákærði kannast við að hafa tekið aðeins í Ragnar þetta kvöld. Hafi hann gefið honum hnéspark þannig að Ragnar hafi dottið í götuna. Í framhaldinu hafi ákærði kitlað Ragnar þannig að Ragnar hafi farið að væla. Ákærði kvaðst ekki kannast við að hafa sent Ragnari sms símaskilaboð fyrir fundinn. Hafi gildra verið sett fyrir ákærða þetta kvöld. Er fyrir ákærða var spilað myndskaið úr fréttaskýringarþætti Kompás af umræddu atviki kvaðst ákærði kannast við að atvikið hafi átt sér stað og að hann væri á myndskaiðinu.

Við þingfestingu málsins kvaðst ákærði játa sakarefnið að hluta. Kvaðst hann játa að hafa ráðist að Ragnari Ólafi og sparkað í hann. Kvaðst hann neita því að hafa tekið Ragnar hálstaki og neita því að hafa sparkað nokkrum sinnum í höfuð hans. Kvaðst ákærði játa að hafa ýtt með fæti í andlit Ragnars en neita því að hafa sparkað nokkrum sinnum í andlit hans. Þá kvaðst ákærði neita að hafa veitt honum hnefahögg í andlit og neita því að hafa kýlt hann nokkrum hnefahöggum í líkamann, en að því leyti kvaðst ákærði játa að hafa kýlt hann eitt til tvö högg í líkamann. Við aðalmeðferð málsins bar ákærði að umrætt kvöld hafi Ragnar Ólafur hringt í ákærða og viljað hitta hann í Hafnarfirði. Hafi Ragnar tjáð ákærða að hann vildi gera upp skuld sína við ákærða. Ákærði hafi ákveðið að hitta Ragnar þetta kvöld. Á þeim fundi hafi soðið upp úr í samskiptum þeirra. Í símtalinu fyrr um kvöldið hafi Ragnar látið eins og hann vildi gera upp skuld sína við ákærða en á staðnum hafi hann verið allt annar maður. Ákærði hafi nánast ekkert gert við Ragnar. Hafi hann ýtt við honum en ekki sparkað í hann. Hann hafi gefið honum hnéspark í maga og kýlt hann einu sinni í síðuna. Hafi hann verið að hræða Ragnar. Hann hafi ýtt með fæti ofan á höfuð hans. Ekki hafi hann tekið hann hálstaki svo sem honum væri gefið að sök eða kýlt hann í andlitið. Þeir áverkar er læknisvottorð geti um geti ekki stafað frá ákærða.

Ragnar Ólafur Magnússon kvað ákærða hafa hóttað sér margsinnis mánuðina áður en atvikið hafi átt sér stað. Hafi ákærði krafist þess að hitta Ragnar vegna ummæla sem Ragnar hafi viðhaft í fjölmiðlum gagnvart ákærða. Þá hafi ákærði verið þeirrar skoðunar að Ragnar skuldaði honum einhverja fjármuni, sem ekki hafi verið rétt. Hafi ákærði sent Ragnari mörg sms símaskilaboð vegna þessa og Ragnar loks fallist á að hitta ákærða. Hafi Ragnar ákveðið að fundarstaður yrði við Hafnarvogina við Hafnarfjarðarhöfn. Ákærði hafi krafist fundarins en sms símaskilaboð væru til því til staðfestu. Starfsmenn fréttaskýringarþáttarins Kompás hafi verið búnir að fylgjast í talsverðan tíma við Ragnari vegna hótana sem Ragnar hafi verið búin að fá frá ákærða. Eftir að ákveðið hafi verið að ákærði og Ragnar myndu hittast hafi Ragnar haft samband við starfsmenn fréttaskýringarþáttarins og greint þeim frá fyrirhuguðum fundi. Ragnar hafi áður verið með starfsmenn fréttaskýringarþáttarins nálæga í samskiptum við ákærða og verið með upptökubúnað á sér. Áður hafi það gerst er fundur hafi verið haldinn á veitingastaðnum Thorvaldsen Bar í Austurstræti í Reykjavík. Ragnar kvaðst alltaf hafa haft samband við starfsmenn fréttaskýringarþáttarins að fyrra bragði. Ragnar hafi þetta kvöld farið á staðinn og ákærði komið til fundarins. Atburðarásin hafi

síðan orðið sú sem fram komi á myndskreiði af atburðinum. Er ákærði hafi gengið í skrokk á Ragnari hafi starfsmenn fréttaskýringarþáttarins stöðvað atlöguna. Ákærði hafi í atlögunni sparkað í bak Ragnars, maga hans og háls. Þá hafi hann kýlt í rifbein Ragnars og höfuð. Ragnar kveðst eftir atburðinn hafa fengið frekari hótanir frá ákærða í gegnum þriðja aðila. Þá hafi honum verið bent á að „missa minnið“ við aðalmeðferð málsins. Ragnar kvaðst ekki hafa haft samband við lögregluna vegna málsins áður en fundurinn hafi verið haldinn og vissi hann ekki til þess að aðrir hafi gert það.

Jóhannes Kr. Kristbjörnsson kvað Ragnar Ólaf Magnússon hafa leitað til starfsmanna fréttaskýringarþáttarins Kompás í byrjun febrúar 2008 þar sem hann hafi verið að fá hótanir í tengslum við rekstur veitingastaða. Ákveðið hafi verið að fylgja Ragnari eftir í framhaldinu í tengslum við umfjöllun um undirheima á Íslandi. Umfjöllunarefnið hafi verið uppgjör og hótanir sem gengið hafi milli viðskiptamanna sem rekið hafi skemmtistaði. Ragnar hafi haft samband við starfsmennina og greint þeim frá því að ákærði ætlaði að hitta Ragnar við Hafnarvogina í Hafnarfirði að kvöldi fimmtudagsins 31. júlí 2008. Hafi komið fram í viðræðum við Ragnar að ákærði hafi óskað eftir fundinum en hann hafi verið að krefja Ragnar um skaðabætur vegna umfjöllunar um sig í fjölmiðlum. Jóhannes kvaðst hafa séð á síma Ragnars sms símaskilaboð frá ákærða þar sem hann hafi óskað eftir þessum fundi. Starfsmenn fréttaskýringarþáttarins hafi komið sér fyrir á svæðinu og verið með myndavélar til að taka upp fyrirhugaðan fund. Fundurinn hafi síðan farið fram og ákærði ráðist á Ragnar. Í beinu framhaldi af árásinni hafi starfsmenn fréttaskýringarþáttarins stigið fram til að stöðva árásina. Jóhannes kvaðst ekki hafa séð sjálfa árásina vel. Hafi hann séð ákærða hlaupa að Ragnari og byrja að lemja hann. Eftir atburðinn hafi starfsmennirnir litið yfir atvikið en það hafi verið tekið upp á myndavél. Ingi Ragnar Ingason hafi fyrir atburðinn verið búinn að ræða við lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu til að leita eftir samstarfi við lögreglu um að kvikmynda atburði í tengslum við undirheima borgarinnar. Hafi lögreglustjóri tjáð Inga að lögregla vildi ekki koma að slíku máli. Jóhannes kvað Ragnar áður hafa verið með upptökutæki í samskiptum sínum við ákærða. Hafi t.a.m. verið haldinn fundur á veitingastaðnum Thorvaldsen Bar þar sem atburðarásin hafi verið tekin upp. Hafi það sennilega verið annað tveggja skipta þar sem Ragnar hafi verið með myndbandsupptökutæki falið á sér en hitt hafi verið atvikið í Hafnarfirði. Þar fyrir utan hafi Ragnar oftari verið með á sér hljóðupp tökutæki.

I Ingi Ragnar Ingason kvað Ragnar Ólaf hafa haft samband við starfsmenn fréttaskýringarþáttarins Kompás og greint frá hótunum er hann hafi fengið frá svo nefndum handrukkurum. Hafi starfsmennirnir í framhaldinu ákveðið að skoða þann vettvang og fengið tækifæri til að fylgjast með Ragnari. Hafi Ragnar fyrst haft samband um mánaðarmótin janúar til febrúar 2008. Varðandi atburðina í Hafnarfirði hafi starfsmennirnir frétt af því frá Ragnari að einhver átök hafi átt sér stað milli ákærða og Ragnars tveim dögum fyrr. Hafi Ragnar tjáð þeim að ákærði hafi í framhaldinu krafist fundar með Ragnari. Hafi Ingi séð sms símaskilaboð hjá Ragnari því til staðfestu að ákærði hafi krafist fundarins. Í framhaldi hafi fundarstaður verið ákveðinn í Hafnarfirði. Ákærði og Ragnar hafi rætt saman í um 20 mínútur og ákærði hótað Ragnari. Að lokum hafi ákærði gengið í skrokk á Ragnari. Ingi kvaðst hafa verið að mynda atburðinn og horft á hann í gegnum myndavélina. Er átökin hafi farið að stað hafi Ingi og félagar hans reynt að stöðva atburðarásina. Ingi kvaðst ekki hafa rætt formlega við lögreglu um atvikið áður en

Það hafi átt sér stað. Hafi Ingi rætt við lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu um samvinnu í tengslum við umfjöllun um efni á þessum nótum. Fram hafi komið að maður væri að fara á fund við mann og væri hann hræddur. Starfsmenn Kompás hefðu í hyggju að mynda fundinn. Hafi lögreglustjóri tjáð Inga að engin slík samvinna kæmi til greina. Ingi kvað starfsmenn fréttaskýringarþáttarins með engu móti hafa ýtt undir þann atburð er varð. Starfsmennina hafi ekki grunað að atburðarásin yrði svo ofbeldisfull sem orðið hafi. Atvikið hafi átt sér stað á vöktuðu svæði sem hafi átt að tryggja að engir alvarlegir atburðir ættu sér stað. Þá hafi Ragnari ekki verið gefin nein fyrirmæli um hvernig hann ætti að hegða sér. Starfsmennirnir hafi með engu móti haft áhrif á framvindu mála eða staðarvalið.

Kristinn Hrafnsson kvað starfsmenn Kompás hafa verið í samskiptum við Ragnar Ólaf frá því í janúar 2008 en hann hafi greint frá samskiptum sínum við eigendur skemmtistaða. Hafi hann greint frá því að ákærði hafi komið að því máli og átt tiltekinn þátt í uppgjöri. Í tengslum við það mál hafi Ragnar í tvö til þrjú skipti borið á sér upptökuvél. Hafi það verið þegar fundur fór fram á veitingastaðnum Thorvaldsen Bar og síðan í Hafnarfirði. Hafi starfsmenn fréttaskýringarþáttarins verið að fjalla um heim handrúkkara. Hafi verið ætlunin að varpa ljósi á þessa starfsemi. Kristinn kvað einn úr hópi starfsmanna fréttaskýringarþáttarins hafa látið lögreglu fyrir fram vita af því að Ragnar Ólafur myndi hitta ákærða á fundi. Hafi Ragnar tjáð starfsmönnum að fundurinn færi fram á vöktuðu svæði en staðsetninguna hafi Ragnar ákveðið.

Aðalbergur Sveinsson lögreglumaður kvað lögreglu hafa fengið tilkynningu um líkamsárás sem átt hafi sér stað í Hafnarfirði. Er lögreglumenn hafi komið á staðinn hafi fjórir einstaklingar verið þar til staðar. Tilkynning hafi hljóðað um að árásarmaðurinn væri farinn á brott af vettvangi og hafi svo reynst raunin. Sjúkra flutningamenn hafi þá verið að hlúa að brotþola. Hafi nafn ákærða verið nefnt sem nafn árásarmannsins. Kvaðst Aðalbergur á vettvangi hafa tekið við síma af einum starfsmanna fréttaskýringarþáttarins Kompás og rætt við ákærða. Í framhaldi af því hafi lögreglumenn hitt ákærða og rætt við hann. Í framburði ákærða hafi komið fram að hann hafi kýlt Ragnar Ólaf og rekið hné í síðu hans. Aðalbergur kvaðst hafa verið í tilteknu verkefni í Garðabæ er tilkynningin hafi borist. Hafi því tekið nokkrar mínútur að komast á svæðið. Ekki hafi hann haft vitneskju um það fyrir fram að þessir atburðir væru að fara að gerast.

Hlynur Þorsteinsson læknir staðfesti læknisvottorð sitt frá 15. ágúst 2008 og gerði grein fyrir einstökum atriðum í tengslum við það.

Niðurstaða:

Ákærði játar sakarefni málsins að hluta til. Hefur hann játað að hafa ráðist að Ragnari Ólafi Magnússyni að kvöldi fimmtudagsins 31. júlí 2008 á bifreiðastæði við Hafnarvogina í Hafnarfirði og sparkað í hann. Hefur hann neitað því að hafa tekið Ragnar hálstaki og neitað því að hafa sparkað nokkrum sinnum í höfuð hans. Hefur ákærði játað að hafa ýtt með fæti í andlit Ragnars en neitað því að hafa sparkað nokkrum sinnum í andlit hans. Þá hefur ákærði neitað að hafa veitt honum hnefahögg í andlit og neitað því að hafa kýlt hann nokkur hnefahögg í líkamann, en að því leyti viðurkennt að hafa kýlt hann eitt til tvö högg í líkamann.

Varnir ákærða í málinu lúta annars vegar að því að hann telur ekki alla þá atvikalýsingu sannaða er fram kemur í ákæru og vísar þar um til játningar sinnar. Hins vegar lúta varnir ákærða að því að tiltekinna rannsóknargagna í málinu hafi verið aflað með ólögumætum hætti og að brotþoli hafi verið notaður sem tálbeita til að egna gildru fyrir ákærða. Hafi starfsmenn fréttaskýringarþáttarins Kompás egnt gildruna.

Í málinu nýtur við myndupptöku af atburðinum við Hafnarvogina í Hafnarfirði sem tekin var af starfsmönnum fréttaskýringarþáttarins Kompás. Þá nýtur við útprentunar af samtali ákærða og Ragnars Ólafs það sinnið sem rituð hefur verið niður í samræmi við myndupptökuna. Ragnar Ólafur hefur staðhæft að ákærði hafi sjálfur átt frumkvæðið að því að ákærði og Ragnar hittust, en ákærði hafi ítrekað knúið á um fund til að ræða uppgjör þeirra á milli. Hafi Ragnar látið starfsmenn fréttaskýringarþáttarins Kompás vita af fyrirhuguðum fundi og hafi starfsmennirnir fylgst með atburðinum. Þrír starfsmenn fréttaskýringarþáttarins, sem allir voru á vettvangi þetta kvöld, hafa staðfest að Ragnar Ólafur hafi látið þá vita af því að til stæði að Ragnar myndi hitta ákærða þetta kvöld. Hafa tveir þeirra jafnframt staðfest að hafa séð af gsm síma Ragnars sms skeyti frá ákærða þar sem hann óskar eftir fundi með Ragnari. Hlutverk starfsmannanna hafi eingöngu verið að fylgjast með því sem fram fór og hafi þeir ekki lagt nein fyrirmæli fyrir Ragnar um hvernig hann skyldi hegða sér í samskiptum við ákærða. Þegar framburðir starfsmanna fréttaskýringarþáttarins eru virtir, sem og framburður Ragnars Ólafs, telur dómurinn liggja fyrir að starfsmenn fréttaskýringarþáttarins hafi ekki átt frumkvæði að því að ákærði og Ragnar Ólafur hittust greint sinn, auk þess sem dómurinn telur fyrir liggja með hliðsjón af framburðum þessara aðila að ákærði hafi leitað eftir fundi með Ragnari til að ræða uppgjör þeirra í milli. Fær það auk þess stöð í þeim staðhæfingum ákærða að Ragnar Ólafur hafi skuldað honum fjármuni vegna ummæla Ragnars um ákærða í fjölmiðlum og þar sem Ragnar hafi valdið tjóni á bifreið ákærða. Með hliðsjón af þessu hefur þeirra sönnunargagna sem felast í myndskaiði af atburðinum eða útprentun á samtali ákærða og Ragnars Ólafs ekki verið aflað með ólögumætum hætti.

Við yfirferð á myndskaiði sem í rannsóknargögnum málsins er merkt IV/2 liggur fyrir atburðarás sem felst í því að ákærði kemur inn á bifreiðastæði við Hafnarvogina í Hafnarfjarðarhöfn. Ræða ákærði og Ragnar Ólafur saman í ríflega 19 mínútur allt þar til ákærði ræðst á Ragnar Ólaf. Atburðarásin samkvæmt myndskaiði leiðir í ljós að ákærði ræðst á Ragnar, veitir hann honum hnésark og grípur um leið um háls Ragnars sem með réttu væri nefnt kverkatak en ákæruvald kys að kalla hálstak. Í framhaldi af þessu þrýstir ákærði Ragnari í jörðina og kýlir hann einu sinni með hnefa og kemur höggið í andlit Ragnars. Því næst reynir ákærði í tvígang að sparka í höfuð Ragnars. Missir hann marks í fyrri sinnið þar sem Ragnar nær að víkja sér undan sparkinu. Í það síðara tekst ákærða að koma sparki í höfuð Ragnars. Eftir þetta kýlir ákærði Ragnar a.m.k. tvívegis með krepptum hnefa og koma högginn í líkama Ragnars. Þessi atburðarás er í samræmi við atvikalýsingu í ákæru. Þær afleiðingar er um getur í ákæru eru í samræmi við framlagt læknisvottorð í málinu en fyrir liggur að Ragnar var fluttur á slysadeild Landspítala háskólasjúkrahúss í kjölfar árásarinnar. Afleiðingar árásarinnar eru slíkar að á undir 1. mgr. 217. gr. laga nr. 19/1940.

Svo sem áður var rakið liggur fyrir að starfsmenn fréttaskýringarþáttarins Kompás fylgdust með atburðarásinni þetta kvöld. Hafa þeir fullyrt að Ragnari hafi ekki verið leiðbeint að neinu leyti um framgöngu sína og samskipti við ákærða. Út prentun á samtali ákærða og Ragnars leiðir í ljós að ákærði krefur Ragnar um fjármuni. Synjar Ragnar fyrir að greiða þessa fjármuni. Af því spretta deilur, sérstaklega um tilurð kröfu ákærða. Að mati dómsins ögraði Ragnar ákærða á engum tíma með því móti að réttlætti framgöngu ákærða í málinu. Þá verður ekki talið fram komið að atvik þessi hafi átt sér stað með vitund og vilja lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Í ljósi þess sem áður var slegið föstu um aðdraganda þessara atburða fellst dómurinn ekki á þá málsvörn ákærða að Ragnar Ólafur hafi verið tálbeita sem notuð hafi verið til að egna ákærða í gildru og að starfsmenn fréttaskýringarþáttarins Kompás hafi egnt gildruna. Er ekki annað fram komið í málinu en að framganga starfsmannanna hafi einungis verið fólgin í því að kvikmynda þá atburði er áttu sér stað. Í ljósi alls þessa verður ákærði sakfelldur samkvæmt þessum lið ákæru og verður háttsemin, í ljósi heimfærslu ákæruvaldsins til refsíákvæða, felld undir 1. mgr. 217. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði er fæddur í júlí 1973. Hann á að baki sakaferil allt frá árinu 1992. Ekki er ástæða til að rekja sakaferil ákærða að öðru leyti en að hann var með dómi 4. nóvember 2003 dæmdur í 3ja mánaða skilorðsbundið fangelsi til tveggja ára fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Háttsemi ákærða samkvæmt ákæru 20. nóvember 2008 sem fólst í því að sparka í höfuð Einars Björn Ingvarssonar þar sem hann lá í götunni var fólkskuleg og stórhættuleg. Þá var háttsemi ákærða samkvæmt b-lið ákæru 5. desember 2008 sértaklega hættuleg þar sem ákærði reyndi ítrekað að sparka í höfuð Ragnars Ólafs þar sem Ragnar lá í jörðinni. Verður að telja mildi að fyrsta spark ákærða hafi ekki hitt Ragnar í höfuðið en Ragnar náði að víkja sér undan sparkinu. Slíkt spark hefði getað orðið lífsógnandi ef það hefði hitt Ragnar í höfuðið. Nýtur ákærði þess í málinu að ákæruvald hefur kosið að fella háttsemina einungis undir 1. mgr. 217. gr. laga nr. 19/1940. Þá er það niðurstaða dómsins að sú aðstaða að Halldór Viðar Sanne hafi skuldað ákærða fjármuni vegna sakarefnis samkvæmt a-lið ákæru frá 5. desember 2008 hafi með engu móti réttlætt þann verknað ákærða að kýla Halldór hnefahögg í andlitið. Leiðir það ekki til þess að refsing ákærða í málinu verði milduð á þeim grundvelli. Er refsing ákærða, að teknu tilliti til 3. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr. og 77. gr. laga nr. 19/1940, ákveðin fangelsi í 14 mánuði, sem engu leyti verður bundið skilorði.

Ákærði greiði sakarkostnað samkvæmt þrem sakarkostnaðaryfirlitum og til dæmd málsvarnarlaun, að viðbættum virðisaukaskatti, svo sem í dómsorði greinir.

Dóm þennan kveður upp Símon Sigvaldason héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Benjamín Þór Þorgrímsson, sæti fangelsi í 14 mánuði.

Ákærði greiði 864.735 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns, 683.256 krónur.

Simon Sigvaldason